



**RÓTTÆKI SUMARHÁSKÓLINN**

# **Námsskrá 2019**

Uppfærð 23/08/2019

## Í ÞESSARI NÁMSSKRÁ:

<b>Um Róttæka Sumarháskólann</b>	<b>2</b>
STEFNA	2
SAMEIGINLEG VIÐMIÐ	3
UM RÓSU 2019	4
<b>Námsstofulýsingar</b>	<b>5</b>
01 ÍSLENSK FRÍÐARBARÁTTA Í ALÞJÓÐLEGU LIÓSI	5
02 „VIÐ VINNUM ALLT ÖÐRUVÍSI EN ÞESSAR STÓRU ÞJÓÐIR ÞARNA NIÐUR FRÁ.” ÍSLENSK SÉRSTÖÐUHYGGJA Í EVRÓPSKU LANDAMÆRAVELDI	5
03 HVAÐ ER SVONA HRÆDILEGT VIÐ HAMFARAHLÝNUN?: AÐ SKAPA UPPBYGGILEGA UMRÆÐU UM LOFTSLAGSMÁL OG TAKA SKREF Í ÁTTINA AÐ SJÁLFBÆRARI FRAMTÍÐ	5
04 THE ROLE OF WORKPLACE ORGANISING TO COMBAT HUMAN TRAFFICKING EN	6
05 THE ACTIVIST AS A NON-RENEWABLE RESOURCE EN	6
06 STRATEGY FOR RADICALS IN ICELAND: AVOIDING BATTLE RE-ENACTMENTS IN THE YEARS TO COME EN	6
07 MENNTUN SEM NEYSLUVARA : NÝFRJÁLSHYGGJUVÆÐING SKÓLAKERFISINS OG ÆÐRI MENNTUNAR	7
08 ANDSTÆÐINGAR STÓRIÐJU Í HELGUVÍK	8
09 ROSA LUXEMBURG: KVIKMYNDASÝNING OG ERINDI	8
10 AÐ IÐKA MANNRÉTTINDI	8
11 AVOIDING CLIMATE AUTHORITARIANISM EN	8
12 DOWN BY THE RIVERSIDE: PETE SEEGER’S ENVIRONMENTAL EGALITARIANISM EN	9
13 ERFIÐ OG ÍMYNDUNARVEIK?: UM ÁREKSTRA Í SAMSKIPTUM LÆKNA OG KVENSJÚKLINGA	10
14 KYNBUNDIÐ OFBELDI Í NÁNUM SAMBÖNDUM	10
15 MENSTRUATION PARTY: DISCUSSIONS ON THE MEANING OF MENSTRUAL ACTIVISM EN	11
<b>Um umsjónarfólk námsstofa</b>	<b>12</b>
<b>Stundaskrá</b>	<b>14</b>

# Um Róttæka Sumarháskólann

## STEFNA

1. Róttæki sumarháskólinn (RóSu) er skóli og hreyfing sem starfar í þágu jöfnuðar alls fólks, frelsis, fjölbreytileika og samfélagslegs réttlætis.
2. RóSu starfar í anda róttæka vinstrisins, en beitir sér fyrir gagnrýni og lifandi samræðu um markmið og aðferðir þess. Í RóSu er hvatt til þess að nýta ólík sjónarmið og nýjar hugmyndir til að stunda sjálfsskoðun og sjálfsgagnrýni.
3. Í starfi RóSu er reynt að tengja hugmyndir, gagnrýni og menntun við ápreifanlegt, pólitískt umbreytingastarf. RóSu vill stuðla að tengslamyndun milli fólks og hópa sem hafa skipulagningu róttækra aðgerða að markmiði sínu. Skólastarf RóSu leitast við að kynna róttæka vinstribaráttu sem víðast í þjóðfélaginu og framkalla nýliðun í henni.
4. RóSu leggur áherslu á andkapítalisma, afnám heimsvaldastefnu, jöfnuð kynja, náttúruvernd, sjálfbærni, lýðræði og einnig andstöðu við kynþáttahyggju, feðraveldi og cis-gagnkynhneigðarhyggju. RóSu leitast við að tengja þessi baráttumál saman á innbyrðis styrkjandi hátt, og forðast að stilla þeim upp sem andstæðum eða keppninautum.
5. Í starfi sínu leitast RóSu við að taka sérstakt tilliti til þeirra sem eru jaðarsettir vegna stéttar, kyns, þjóðernis, kynhneigðar eða annars. RóSu er opin fyrir nýstárlegum og róttækum aðferðum til að efla þátttöku jaðarsettra hópa í starfinu.
6. RóSu sprettur upp úr, og er hluti af, róttæku pólitísku grasrótastarfi á Íslandi og stefnir að því að viðhalda öflugum tengslum við aðra róttæka hópa og samtök. RóSu er engu að síður rekinn sem óháð og sjálfstæð hreyfing og talar ekki fyrir hönd annars róttæks stjórnmalastarfs á Íslandi.
7. Allt skólastarf í Róttæka sumarháskólanum er gjaldfrjálst, rekið í sjálfboða-vinnu og opið öllum án tillits til bakgrunns, reynslu eða menntunar. Undantekningu má gera á þessu ef uppákomur eru sérstaklega ætlaðar tilteknum hópum eða ef aðeins er rúm fyrir takmarkaðan fjölda, og skal þá auglýst skilmerkilega hvernig skráningu er háttað. Sé um námsefni að ræða, skal leitast við að dreifa því ókeypis.
8. Af hverju kallar Róttæki sumarháskólinn sig háskóla?
  - Með orðinu „háskóli“ er ekki átt við að RóSu sé ætlaður þeim sem njóta sín í bóklegu námi í hefðbundnum skilningi menntakerfisins. RóSu byggir ekki á stigveldi milli nemenda og kennara eða stöðluðum samanburði á frammistöðu nemenda.
  - Í RóSu er reynt að gera ólíkum formum þekkingar og reynslu jafn hátt undir höfði, hvort sem hún sprettur úr aðgerðastarfi, listum og menn-ingu, daglegu lífi, eða rannsóknum.
  - Róttæki sumarháskólinn kallar sig háskóla vegna þess að hann hefur menntun og þekkingu í hávegum og vill vera eins og góður háskóli í samfélagi jöfnuðar: öllum opin án skilyrða, gagnrýninn, gjaldfrjáls, herskár og hagnýtur.

**SAMEIGINLEG VIÐMIÐ**

*Þessi viðmið lýsa því sem við teljum eftirsóknarvert andrúmsloft og samskiptahætti á opnum viðburðum Róttæka sumarháskólans. Tilgangur þeirra er að stuðla að líflegum og frjóum umræðum sem styrkja pólitískt umbreytingastarf, með aðgengileika og tillitssemi við sem flest fólk að leiðarljósi.*

Rósu er vettvangur fyrir líflegar umræður og samræður og leitast við að laða fram raddir ólíks fólks og gera sem flestum kleift að láta í sér heyra óháð mælsku, tungumálakunnáttu eða raddstyrk. Við leitumst við að skapa umhverfi þar sem fólk sem venjulega hefur sig lítt í frammi geti verið öruggara að tjá sig. Því reynum við eftir fremsta megni að:

- ... vera meðvitað um hversu mikið og lengi við tölum og forðast að „halda ræður“ í umræðum, þó svo að tiltekið málefni liggi manni mjög á hjarta.
- ... gæta að því að sýna hvert öðru virðingu, hlusta á aðra og hamla ekki tjáningu annarra. Umsjónarfólk ber ábyrgð á því að stoppa þá af sem yfirgnæfa samræður eða hafa í frammi ógnandi, fordómafullt eða hatursfullt tal. Það skal ennfremur vera meðvitað um óorðaða sam-skiptavirkni sem kann að vera í gangi í umræðum og ræða hana opinskátt ef þörf er á.
- ... festast ekki í umræðum um hvort tiltekin barátta eigi yfirhöfuð rétt á sér, heldur beina sjónum að því hvað beri að gera. Til dæmis þýðir ekki að mæta á aðgerðastofu um andóf í tilteknum málum nema maður hafi áhuga á taka þátt í því. Efasemdir um réttmæti slíks andófs eiga heima annars staðar.
- ... taka því vel ef okkur er bent á að hegðun okkar standi í vegi fyrir opnum samræðum og/eða hamli tjáningu annarra.

Hjá Rósu reynum við að skapa öruggara umhverfi fyrir sem flesta óháð kyni, kynhneigð, kynvitund, uppruna, húðlit, líkamlegu atgervi o.s.frv. Þess vegna:

- ... er ákjósanlegt, í aðgerðarstofum og smærri námsstofum, að biðja hverja og eina manneskju um að kynna sig og einnig að nefna með hvaða fornafni hún vill vera ávörpuð. Í umræðum er þar að auki gott að leyfa „hér og nú“ samskipti, þ.e. að skoðanir séu settar fram í trúnaði hópsins.
- ... notum við „trigger warnings“, þ.e. látum fólk vita ef að ætlunin er að segja frá eða sýna efni sem gæti framkallað óþægilegar minningar hjá fólki sem hefur mátt þola ofbeldi.
- ... hugum að því að róttæk málefni geta verið mjög persónubundin og á Rósu á að vera hægt að ræða allar hliðar mannlífsins. Gætum þess þó að umræður snúist ekki um persónulegar deilur milli einstaklinga.
- ... forðumst að alhæfa um samfélagshópa sem við tilheyrum ekki eða okkur skortir þekkingu á, að segja öðrum fyrir verkum eða hvernig þau eigi að túlka eða bregðast við óréttlæti í sinn garð. Þetta á sér-staklega við um valdaminni og jaðarsetta hópa.
- ... erum tilbúin að horfast í augu við eigin forréttindastöðu. Eftirfarandi atriði er gott að hafa í huga við slíka sjálfskoðun:
  - Hver er staða og forréttindi mín gagnvart öðrum í hópnum? Er ég til dæmis gagnkynhneigð/hinsegin, kona/karl, innlend/erlend, menntuð/ómenntuð, fötluð/ófötluð, heilshraust/heilsuveil, vinnufær/óvinnufær, cis/trans?
  - Hef ég mikil forréttindi saman borið við aðra í hópnum?
  - Ef ég er manneskja sem yfirleitt tala mikið og á það til að yfirgnæfa umræður þá er gott að ég íhugi að stíga aðeins til baka og hlusti meira en venjulega.

**UM RÓSU 2019**

Róttæki Sumarháskólinn 2019 verður haldinn dagana 26. ágúst til 1. september í Friðarhúsi SHA á Njálsgötu 87, 101 Reykjavík. Fullt aðgengi er að húsnæðinu og salernisaðstöðu fyrir þau sem nota hjólastóla.

Í ár verður boðið upp á fjölbreytt og áhugavert efni eins og fyrri ár en alls eru 14 námsstofur og kvikmyndasýning með erindi sem verður lýst nánar í þessu skjali. Af fjórtán námsstofum verða sex á ensku en lýsingarnar á þeim eru jafnframt aðgengilegar á ensku. Lengd allra námsstofa er 1 klukkustund og 45 mínútur.

Á RóSu 2019 verður boðið upp á mat, líkt og í fyrra, í sérstöku matarhléi sem yfirleitt verður milli 19:15 og 20:00. Maturinn verður ókeypis og framreiddur af sjálfboðaliðum úr vistvænum hráefnum. Ef maturinn klárast er stutt fyrir gesti að fara á matsölustaði eða verslanir í nágrenninu. Líkt og áður verður tekið við frjálsum framlögum til að eiga fyrir ýmsum kostnaði, sér í lagi vegna plakatagerðar, vefhýsingar og matar. Langtímamarkmið fjáröflunarinnar er að færa út kvíar RóSu, til dæmis með því að bjóða erlendum fyrirlesara eða að geta fært hluta af starfseminni út á land.

Framkvæmdahópur sem skipaður var í kjölfar RóSu 2018 annaðist skipulagningu Róttæka Sumarháskólans 2019. Í honum sitja Jón Bragi Pálsson, Hildur Harðardóttir, Katrín P. Þorgerðardóttir,, Óðinn Þórarinsson, Pétur Stefánsson og Pontus Järvstad.

# Námsstofulýsingar

EN = Fer fram á ensku

## 01 ÍSLENSK FRÍÐARBARÁTTA Í ALÞJÓÐLEGU LJÓSI

Umsjón: Stefán Pálsson

Lýsing: Farið verður yfir sögu íslenskrar friðarhreyfingar og kannað hvernig alþjóðlegar baráttuaðferðir, orðræða og tiskusveiflur hafa alltaf skilað sér til Íslands. Tekin verða valin dæmi allt frá upphafi íslenskrar friðarbaráttu til Íraksstríðsins.

## 02 „VIÐ VINNUM ALLT ÖÐRUVÍSI EN ÞESSAR STÓRU ÞJÓÐIR ÞARNA NIÐUR FRÁ.” ÍSLENSK SÉRSTÖÐUHYGGJA Í EVRÓPSKU LANDAMÆRAVELDI

Umsjón: Eyrún Ólöf Sigurðardóttir

Lýsing: Í erindinu fjallar Eyrún um helstu niðurstöður MA-rannsóknar sinnar í mannfræði á störfum Landhelgisgæslu Íslands við landamæraeftirlit á Miðjarðarhafi á vegum Frontex, landamæra- og strandgæslustofnunar Evrópusambandsins. Hún færir rök fyrir að í gegnum Frontex-verkefni Landhelgisgæslu Íslands fari fram uppbygging íslenskrar þjóðarsjálfsmyndar sem sækir innblástur í dæmigerða þjóðernishyggju og sérstöðuhyggju (e. exceptionalism), sem kallast á við ríkjandi hugmyndir um Íslendinga sem þjóð á meðal þjóða, en um leið fjarlægja siðferðislega vafasömum eða umdeildum athöfnum stærri ríkja í alþjóðasamfélaginu. Gert verður grein fyrir því hvernig fræðimenn hafa skilgreint tvíþættan tilgang með leitar- og björgunaraðgerðum á borð við þær sem LHG hefur tekið þátt í á vegum Frontex: Annars vegar að bjarga mannlífum, en hins vegar að stjórna þeim. Í ráðandi orðræðum fá öryggisaðilar í slíkum aðgerðum á sig yfirbragð bjargvætta, og eru jafnvel sveipaðir hetjuljóma, án þess að sérstakri athygli sé veitt að þeirra hlut í að skapa, með æ umfangsmeiri eftirlits- og tálmanakerfum, aðstæðurnar sem fólki er síðan bjargað úr.

## 03 HVAÐ ER SVONA HRÆÐILEGT VIÐ HAMFARAHLÝNUN?: AÐ SKAPA UPPBYGGILEGA UMRÆÐU UM LOFTSLAGSMÁL OG TAKA SKREF Í ÁTTINA AÐ SJÁLFBÆRARI FRAMTÍÐ

Umsjón: Patricia Anna Þormar

Lýsing: Vatnaskil hafa orðið í loftslagsumræðunni síðan aðgerðarsinnar og skólafólk á borð við Gretu Thunberg hófu svokölluð loftslagsverkföll eða mótmæli alla föstudaga. Vísindasamfélagið, aðgerðarsinnar og efasemdarmenn leggjast í skotgrafir í deilunni um orsakir hlýnunar meðan almenningur stendur á hliðarlínunni og klórar sér í hausnum yfir flokkun heimilissorpsins. Margir vilja leggja málefnið lið og skapa sér og börnum sínum sjálfbærari framtíð, en finnst vandamálið of yfirþyrmandi, óttast gagnrýni úr báðum fylkjum eða fá einfaldlega kvíða við tilhugsunina um að ræða loftslagsmál yfir höfuð. Við getum hins vegar ekki stungið hausnum í sandinn, heldur verðum við að vopna okkur réttu tækjunum

og tólunum (lesist: viðhorfi) til þess að taka af skarið og taka virkan þátt í umræðunni -- og aðgerðunum -- samfélaginu en ekki síst okkur sjálfum til heilla.

#### 04 THE ROLE OF WORKPLACE ORGANISING TO COMBAT HUMAN TRAFFICKING EN

Umsjón: Ani Marincean & Christina Anna Milcher

Lýsing: The traditional approach to combat human trafficking is over legal action and relying on the power of the state. However, most victims of human trafficking are marginalised people, systematically persecuted by state powers, for example because of their immigration status or because of a moral judgement over their type of work. Anti trafficking laws themselves are often used for persecution. Workers then have to rely on exploitative employers to protect them from a violent state or on a violent state to protect them from exploitative employers. This lecture is going to give a short introduction to solidarity unionism and workplace organising tactics. I will give examples of these tactics have been used by workers in this context abroad and how these tactics can be used to empower trafficked workers in Iceland.

#### 05 THE ACTIVIST AS A NON-RENEWABLE RESOURCE EN

Umsjón: Anna Marjankowska

Lýsing: Today's activist scene in Reykjavík is narrow but valiant. This year it faced extremely draining and stressful time, fighting for workers' rights, open borders, and climate issues. Often the same people were engaged in multiple cases.

In my session I want to present and put into a discussion a few important issues basing on the history of actions that escalated in March 2019 (minimum-wagers strikes, refugees occupational protest and climate strikes):

1. What are the reasons people are getting involved in unpaid, hard and responsible actions and processes?
2. What is the cost of giving your time, effort and face to social and political projects? What is the role of class consciousness here?
3. The special case of Iceland: immigrants as transmitters of protest culture; curse of "þetta reddast", undone homework on xenophobia and racism.
4. How not to lose an activist: tips on transparency, building, and using democratic structures?
5. Self-care for sad and tired activists.

#### 06 STRATEGY FOR RADICALS IN ICELAND: AVOIDING BATTLE RE-ENACTMENTS IN THE YEARS TO COME EN

Umsjón: Jamie McQuilkin & Benjamin Julian

Lýsing: In this session, we will collectively analyse the successes and failures of recent radical movements in Reykjavík and the current social conditions for radical organising. The aim

will be to discuss what possibilities for social change exist at present, and hopefully where we can collectively direct our work in the coming years. The session will be aimed at the interests and experiences of those attending, and will also be a chance to put into practice the topics discussed in the previous session.

Subjects could include parliament, municipalities, political parties, workers unions, the renters' union, police repression and militarisation, media outlets, influential producers of cultural hegemony and "common sense", those producing opposition media and narratives, the role of spontaneous protests, organised grassroots groups, social trends such as mass immigration and class division, changes in class divisions, UTL, Reykjavík's new neighbourhood councils, the beginnings of local fascist organising, and any others that participants suggest.

There will be an informal discussion afterwards at a local bar.

## 07 MENNTUN SEM NEYSLUVARA : NÝFRJÁLSHYGGJUVÆÐING SKÓLAKERFISINS OG ÆÐRI MENNTUNAR

Umsjón: Jóhann Helgi Heiðdal

Lýsing: Menntakerfið og háskólar hafa ekki verið undanskilin nýfrjálshyggjuvæðingu síðustu áratuga. Þó blæbrigði og ólíkar útgáfur séu vissulega til staðar, er óhætt að fullyrða að þróunin sé sú sama í grófum dráttum um allan hinn vestræna heim – á ólíkum stigum þó. En þær miklu og hröðu breytingar sem orðið hafa á umhverfi háskólana, markmiði þeirra og sýn á hlutverk sitt í samfélaginu getur varla hafa farið framhjá mörgu háskólafélki – nemendum jafnt og starfsfólki. Í málstofunni verður farið yfir þessa þróun, stöðu í dag og horfur og dæmi tekin frá Íslandi, Bandaríkjunum og Danmörku. Verður þróunin sett í samhengi við uppgang og yfirgnæfandi hugmyndafræðileg og pólitísk yfirráð nýfrjálshyggjunnar og stjórn mála-hagfræði stefna og aðgerða hennar: markaðsvæðing, niðurskurður, einkavæðing, atómisering, fyrirtækjavæðing sjálfsins, o.s.f.rv. Leitað verður í smiðju fræðimanna eins og David Harvey, Foucault, Wendy Brown, Philip Mirowski, Henry Giroux, ásamt annarra til að velja upp spurningum eins og:

1. Hvað er nýfrjálshyggja og hvaða mikilvæga eða nauðsynlega ljósi varpar það hugtak á stjórn málagreiningu?
2. Hvaða áhrif hefur nýfrjálshyggjan haft á menntakerfið, háskólana og hugmyndir okkar um menntun?
3. Hvað er menntun og hvers vegna er hún mikilvæg?
4. Hvaða lýðræðislegu hlutverk spila háskólar í samfélaginu og hvernig lítur staða þeirra út á öld „Zombie nýfrjálshyggjunnar“?

Leitast verður við að sýna fram á að háskólunum, lýðræðishlutverki þeirra og þar með lýðræðislegt samfélag og hinn lýðræðislegi borgari, stafi mikil og alvarleg hætta af nýfrjálshyggjuþróuninni – þróun sem nú þegar hefur átt sér stað að töluverðu leyti án



mikillar mótspyrnu. En í ljósi alvarleika þess sem í stefnir, er löngu tímabært að sú mótspyrna hefjist.

#### 08 ANDSTÆÐINGAR STÓRIÐJU Í HELGUVÍK

Umsjón: Þórólfur Júlían Dagsson

Lýsing: Í mars 2017 stofnuðu íbúar Reykjanesbæjar samtök til að berjast gegn kísilmálmverksmiðju United Silicon eftir að fjöldi fólks kom saman vegna kvartana um mengun frá verksmiðjunni sem er aðeins 1,4 km frá næstu íbúabyggð. Verksmiðjunni var loks lokað m.a. vegna baráttu íbúa en til stendur að gangsetja hana aftur þvert á vilja þeirra.

Í erindinu verður fjallað um stofnun samtakanna og þær baráttuaðferðir sem þau beittu. Varpað verður ljósi á þá aðferðafræði sem var notuð, kraft samfélagsmiðla, hvernig gott tengslanet hjálpar í baráttunni, hvernig sé best að beita þrýstingi, hvernig sé best að virkja fólk og hvað samtökin gerðu til þess að berjast gegn áróðri. Að lokum verður rætt um það hvert samtökin stefna á næstu árum.

#### 09 ROSA LUXEMBURG: KVIKMYNDASÝNING OG ERINDI

Umsjón: Róttæki sumarháskólinn og Nanna Hlín Halldórsdóttir

Lýsing: Í minningu þess að 100 ár eru liðin frá því að Rosa Luxemburg var myrt í Spartakus uppreisninni í Berlín 1919 sýnir Róttæki sumarháskólinn kvikmynd Margarethe von Trotta, Rosa Luxemburg (1986). Á undan sýningunni flytur Nanna Hlín Halldórsdóttir, doktor í heimspeki, stutt erindi um hugmyndafræði og arfleið Rosu Luxemburg.

#### 10 AÐ IÐKA MANNRÉTTINDI

Umsjón: Helga Baldvins Bjargardóttir

Lýsing: Við teljum okkur flest vera jafnréttissinnað fólk og fylgjandi mannréttindum. En hvers krefjast mannréttindi af okkur í daglegu lífi?

Í þessari námsstofu verður farið yfir grunnildi mannréttinda og þau skoðuð út frá mismunandi jaðarstöðu ólíkra hópa. Lögð verður áhersla á að reyna að skilja hvernig forréttindi virka og hvaða ábyrgð hvílir á fólki í forréttindastöðu til að hægt sé að raungera mannréttindi. Fjallað verður um hvernig jaðarstaða birtist yfirleitt í formi mismununar, fordóma eða óhagstæðari meðferðar vegna kyns, kynþáttar, þjóðernis, aldurs, fötlunar, líkamsgerðar, stéttar, trúar, kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna eða annarra þátta. Loks verður farið yfir þróun á inntaki jafnréttishugtaksins og hvernig lög og framkvæmd þurfa að breytast til að ná yfir ólíka jaðarstöðu.

#### 11 AVOIDING CLIMATE AUTHORITARIANISM EN

Umsjón: Ole Sandberg

Lýsing: Scientific reports about climate change are terrifying: We have a very short time to do dramatic changes to all areas of society if we want to prevent global disasters and

catastrophic climate change. Some scientists are even talking about societal collapse and the possibility of human extinction. This knowledge causes wide-spread „climate anxiety“ in the general public and we can see the effects on the current culture through the growing popularity of apocalyptic tv-shows.

While there is certainly every reason to take things very seriously and demand immediate action, there is also a problem with this mentality. A fear of impending disaster is generally not conducive to democratic and egalitarian solutions. In a state of panic people tend to feel powerless and look for protection and action from a strong leader who can make radical decisions without constraints. It breeds authoritarianism. Ironically, authoritarianism and centralization is the exact opposite of what we need in order to survive climate change.

In this session I will argue that climate change will (probably) not bring about some sudden global-scale collapse of civilization. We have already seen some of the effects of climate change, and we have seen how the political and capitalist system has responded to those effects. From those events we can make a projection into the future. Such a projection does not indicate a collapse of social order, but – sadly – an entrenchment of the current world order and a reinforcement of existing hierarchies. There are also other movements in the present though, that can provide more hope and show the direction: Movements based on community and solidarity. These are what we should look towards if we want to find inspiration for action, rather than petrifying fear.

The question is: How can we avoid Climate Leviathan (the authoritarian state) and help create Climate Communism?

## 12 DOWN BY THE RIVERSIDE: PETE SEEGER'S ENVIRONMENTAL EGALITARIANISM EN

Umsjón: Jodie Childers

Lýsing: In a life that spanned 94 years, the American folk musician Pete Seeger participated in some of the most significant progressive social movements of the 20th century. In 1955, Seeger took a defiant stance against the House Un-American Activities Committee and was subsequently blacklisted for his left-wing affiliations. Despite this, he continued to intersect music and activism to encourage political protest and participation until his death in 2012. While many are aware of his contributions to labor struggles, the Civil Rights movement, and the anti-war movement, Seeger's idiosyncratic environmental projects have received far less consideration by both activists and scholars.

At the core of Pete Seeger's environmental work was the construction of the Clearwater Hudson River Sloop, a 106-foot historic replica ship, an experiment in cooperative ownership and kinetic activism. Building upon the momentum and energy of the counterculture of the 1960's, Seeger brought together a crew of hippies, folk musicians, and Civil Rights activists who launched the boat in 1969 and sailed it up and down the Hudson River, performing free concerts at every port to draw attention to America's polluted waters. In 1970, the crew sailed the boat from New York to the first Earth Day

celebration in Washington D.C. Throughout the 1970's and the 1980's, Seeger, his partner Toshi Seeger, and a group of activists and artists continued to devise local environmental projects in the Hudson Valley to reclaim the industrial waterfront. These projects intersected culture, activism, and sailing: they hosted a monthly song circle in an abandoned diner by the Hudson River, offered free public sails on another wooden boat (The Woody Guthrie), and held annual Strawberry, Corn, and Pumpkin festivals to draw people to the Riverside.

In this seminar, a short overview will be provided of Seeger's life and work before delving into the question: what can we glean from Seeger's environmental work as we confront contemporary challenges? The focus will be on three ideological cornerstones in his thinking about music and activism: (1) participation, (2) dialogue, and (3) egalitarianism.

### 13 ERFIÐ OG ÍMYNDUNARVEIK?: UM ÁREKSTRA Í SAMSKIPTUM LÆKNA OG KVENSJÚKLINGA

Umsjón: Guðrún Steinþórsdóttir

Lýsing: Reglulega koma fram sögur jafnt á internetinu, í greinum, viðtölum og ævisögum sem greina fráneikvæðum samskiptum kvensjúklinga við lækna. Höfundar sagnanna eiga það sameiginlegt að hafa upplifað misrétti vegna kyns síns. Í fyrirlestrinum verður fjallað um hvernig komið er á mismunandi hátt fram við konur og karla í heilbrigðiskerfinu. Rætt verður um gamlar og nýjar, íslenskar og erlendar frásagnir af neikvæðum samskiptum lækna og kvensjúklinga, eðli þeirra og afleiðingar. Frásagnirnar verða settar í sögulegt og menningarlegt samhengi til að reyna að skýra hver staðan er bæði í heilbrigðiskerfinu og á rannsóknarsviði læknisfræðinnar og hvernig þyrfti að breyta henni. Þá verða ýmis mikilvæg hugtök sem tengjast samskiptum lækna og sjúklinga skilgreind og rædd, eins og til dæmis hugtökin sársauki, þjáning og samlíðan. Að lokum verður fjallað um hvernig verkfæri bókmenntafræðinnar geta kannski nýst í að betrumbæta samskipti lækna og sjúklinga.

### 14 KYNBUNDIÐ OFBELDI Í NÁNUM SAMBÖNDUM

Umsjón: Ingibjörg Ruth Gulín

Lýsing: Rétturinn hefur á umliðnum árum þróast í rétta átt hvað kynbundið ofbeldi varðar, en íslensk lög hafa þó meira og minna verið kynhlutlaus og reynsluheimur kvenna hefur ekki vegið þungt. Hvorki er tekin afstaða til kyns í núgildandi lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla þegar kemur að kynbundnu ofbeldi, né í 218. gr. b almennra hegningarlaga, nr. 19/1940 um ofbeldi í nánum samböndum. Vissulega geta konur einnig verið gerendur, hins vegar staðfesta rannsóknir að konur eru í miklum meirihluta þolenda ofbeldis í nánum samböndum. Spurningin sem eftir stendur er hvort löggjöfin hér á landi mismuni konum með því að greina ekki mun á milli kynja þegar kemur að ofbeldi í nánum samböndum.

Fyrirlesturinn byggist á meistararitgerð Ingibjargar sem ber heitið *Kynbundið ofbeldi í nánum samböndum og þróun íslensks réttar í ljósi fémínískra lagakenninga*, sem Brynhildur G. Flóvenz, dósent við lagadeild Háskóla Íslands, leiðbeindi. Leitast verður við að skýra og

gera grein fyrir þróun íslensks réttar hvað varðar kynbundið ofbeldi í nánum samböndum og kanna hvort 218. gr. b almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, geti talist uppfylla forsendur og markmið Samnings Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi gegn konum og ofbeldi í nánum samböndum (e. domestic violence), svokallaðs Ístanbúlsamnings. Enn fremur hvort og þá hvernig megi greina tregðu við lagasetningu til að viðurkenna áhrif kynferðis í íslenskum rétti.

## 15 MENSTRUATION PARTY: DISCUSSIONS ON THE MEANING OF MENSTRUAL ACTIVISM EN

Umsjón: Freyja Jónudóttir Barkardóttir

Lýsing: Menstrual activism. What is it?  
Menstrual politics. What is it?

In this talk I invite you to join me in a discussion of the role, goal and limitations of some contemporary menstrual activism and politics. Where are we, what have we been doing, what can we do?

Some examples that we will discuss are the uses of material menstrual blood in art performance, free bleeding initiatives, pink tax protesting and a recent campaign for menstruation friendly workplaces in Sweden. What can we make of these politics while avoiding gender essentialism or romanticising an experience that often time can be negative.

I want to engage in a discussion on menstrual politics that looks beyond the gender binary that produces menstruation as a women-only issue and explore some limitations to menstrual politics.

This talk is based on research conducted for my MA in gender studies on the use of material menstrual blood in performance art. However, I would like to continue the discussion from my thesis on to more examples of menstrual politics and discuss in a larger context the goals of transforming the representation of menstruating bodies and the experiences of inhabiting one of those.

## Um umsjónarfólk námsstofa

**Anna Marjankowska** has been part of Andrými collective, member of IWW, board member of Efling labour union, and field organizer of basic workers during negotiations of the last general agreement.

**Benjamín Julian & Jamie McQuilkin** are active participants in radical social movements in Reykjavík.

**Eyrún Ólöf Sigurðardóttir** er aðjúnkt við Háskóla Íslands og á að baki þónokkra reynslu af grasrótastarfi með flóttu- og farandfólki, bæði á Íslandi og erlendis. Hún trúir á ferðafrelsi óháð ríkisfangi eða efnahag og nálgast viðfangsefni erindisins út frá þeirri sannfæringu að landamæri séu birtingarmynd kerfislægs ofbeldis, sem byggir undir misskiptingu í víðum skilningi.

**Freyja Jónudóttir Barkardóttir** is a gender studies MA graduate and menstruator.

**Guðrún Steinþórsdóttir** stundar doktorsnám í íslenskum bókmenntum við Háskóla Íslands. Síðustu ár hefur hún tekið þátt í ýmsum rannsóknarverkefnum og kennslu m.a. innan hugrænna fræða, læknahugvísinda og fötlunarfræði, einkum með áherslu á bókmenntir, samlíðan, tilfinningar, sársauka og ímyndunarafli.

**Helga Baldvins Bjargardóttir** er sjálfstætt starfandi lögmaður auk þess að vera þroskaþjálfari með diplóma í fötlunarfræðum. Hún er baráttukona fyrir félagslegu réttlæti og framkvæmdastjóri Vitundar, lífsskoðunarfélags um mannréttindi.

**Ingibjörg Ruth Gulín** útskrifaðist með meistarapróf í lögfræði frá Háskóla Íslands sumarið 2018 með stórgóðum árangri. Í meistaránáminu lagði Ingibjörg sérstaka áherslu á mannréttindi, refsirétt, jafnrétti og bann við mismunun. Beint eftir útskrift var hún ráðin inn hjá jafnréttisteymi velferðarráðuneytisins til að gera samanburðarrannsókn á jafnréttislöggjöf og löggjöf um bann við mismunun á Norðurlöndunum. Í kjölfarið fékk hún starf sem verkefnastjóri formennskuáætlunar Íslands hjá Norrænu ráðherranefndinni á sviði jafnréttismála, sem hún starfar nú við á skrifstofu jafnréttismála í forsætisráðuneytinu.

**Jodie Childers** is a New York-based documentary filmmaker and writer. She has published essays on the American cultural left, McCarthyism, folk music, self taught art, and other topics. Her film work about Pete Seeger has been featured in The Woody Guthrie Annual and In these Times, and she is currently co-directing a documentary about Seeger's environmental legacy. Her creative work has been published in many literary journals including Poetry East, Feral Feminisms, and The Portland Review. She is a PhD student at the University of Massachusetts, Amherst.

**Jóhann Helgi Heiðdal** lauk M.A. í heimspeki frá Kaupmannahafnarháskóla, er doktorsnemi í heimspeki við Háskóla Íslands og stundakennari við Háskólann á Akureyri. Rannsóknir hans eru aðallega á sviði stjórnmálaheimspeki, siðfræði og hugmyndasögu og fjallar doktorsverkefnið um háskóla og lýðræði – með sérstakri áherslu á nýfrjálshyggju og markaðsvæðingu.

**Nanna Hlín Halldórsdóttir** er doktor í heimspeki frá Háskóla Íslands.

**Ole Martin Sandberg** is a PhD student in philosophy at the University of Iceland where he also teaches ethics of nature. He is a member of the academic Anarchist Studies Network and has previously discussed the topic of his lecture at a recent conference organized by the network.

**Patricia Anna Þormar** er hlaðvarpsfréttamaður og stofnandi Hjúpsins., en í þáttunum ræður hún og meðstjórnandi hennar, Silja Elvarsdóttir, við ýmsa fagaðila og aðgerðarsinna í leit að aðgengilegum, óhefðbundnum en umfram allt skemmtilegum lausnum við loftslagsvandann. Hlaðvarpið stofnaði hún eftir að hafa eignast annað barnið sitt og orðið ljóst að nútíma lífnaðarhættir vestrænna samfélaga stofna framtíð barna okkar í voða, en þótti fátt um svör um hvernig mætti bæta ástandið þegar maður er búinn er að endurvinna eins mikið og mögulegt er. Hún er menntaður lögfræðingur með M.A. í menningarstjórnun og starfaði lengst af á Skrifstofu alþjóðasamskipta Háskóla Íslands, þar sem markmið hennar fólust í efla vísýni nemenda og starfsfólks með því að gera þeim kleift að öðlast alþjóðlega starfsreynslu.

**Stefán Pálsson** er sagnfræðingur og hefur um árabil verið fulltrúi í miðnefnd Samtaka hernaðarandstæðinga.

**Þórólfur Júlían Dagsson** er einn stofnenda Andstæðinga stóriðju í Helguvík, og talsmaður félagsins.

# STUNDASKRÁ



	Mán 26. ágúst	Þri 27. ágúst	Mið 28. ágúst	Fim 29. ágúst	Fös 30. ágúst	Lau 31. ágúst	Sun 1. sept
13:00-14:45						<b>Að iðka mannréttindi</b> Helga Baldvins Bjargardóttir	<b>Erfið og ímyndunarveik?: Um árekstra í samskiptum lækna og kvensjúklinga</b> Guðrún Steinþórsdóttir
14:45-15:30						HLÉ	HLÉ
15:30-17:15						<b>Avoiding Climate Authoritarianism</b> Ole Sandberg	<b>Kynbundið ofbeldi í nánum samböndum</b> Ingibjörg Ruth Gullin
17:30-19:15	Íslensk friðbararátta í alþjóðlegu ljósi Stefán Pálsson	Hvað er svona hræðilegt við hamfarahlýnun?: Að skapa uppbyggilega umræðu um loftslagsmál og taka skref í áttina að sjálfbærari framtíð Patricia Anna Þormar	The activist as a non-renewable resource Anna Marjankowska	<b>Menntun sem neysluvara :</b> Nýfrjáshyggjuvæðing skólakerfisins og æðri menntunar Jóhann Helgi Heiðdal	<b>Rósa Luxemburg:</b> Kvikmyndasýning og erindi Nanna Hlin Halldórsdóttir	<b>Down by the Riverside:</b> Pete Seeger's Environmental Egalitarianism Jodie Childers	<b>Menstruation party: discussions on the meaning of menstrual activism</b> Freyja Jónudóttir Barkardóttir
19:15-20:00	MATUR	MATUR	MATUR	MATUR			
20:00-21:45	<b>Við vinnum allt öðruvísi en þessar stóru þjóðir þarna niður frá."</b> Íslensk sérstöðuhyggja í evrópsku landamæraveldi Eyrún Ólaf Sigurðardóttir	<b>The role of workplace organising to combat human trafficking</b> Ani Maríncean & Christina Anna Milcher	<b>Strategy for radicals in Iceland: avoiding battle re-enactments in the years to come</b> Jamie McQuilkin & Benjamin Julian	<b>Andstæðingar stóriðju í Helguvík</b> Þórólfur Júlían Dagsson	<b>Róttækt partý í Brugghúsinu (hefst 20:30)</b>		